

Punkturinn 4.tbl. 2010 - Fréttabréf um skattamál



Hæstaréttardómar nr. 92/2010 og 153/2010 um gengistryggð lán

Þau tvö mál sem fengu flýtimeðferð fyrir Hæstarétti á vormánuðum 2010 hafa nú verið til lykta leidd. Málin vörðuð gengistryggingu lána, þ.e. hvort heimilt væri að veita lán með gengistryggingu, þótt endurgreitt væri í íslenskum krónum.

Það voru þrjár spurningar sem Hæstiréttur setti fram við lausn málanna.

1. Hvort um lánasamning eða leigusamning væri að ræða
2. Hvort um skuldbindingu í íslenskum krónum sem væru bundnar væru gengi erlendra gjaldmiðla eða erlendri mynt væri að ræða
3. Hvort tenging íslensku krónunnar við gengi erlendra gjaldmiðla væri heimil ef hún væri til staðar.

Niðurstaða Hæstaréttar við fyrsta tölulið var að um lánasamning væri að ræða, meðal annars vegna þess að lántaki veldi bifreiðina en fengi lán fyrir greiðslu bifreiðarinnar, sem og skilmálum í heild sem hefðu allt yfirbragð láns en ekki leigu.

Niðurstaða Hæstaréttar í öðrum tölulið var að um skuldbindingu í íslenskum krónum hafi verið að ræða. Þar vó þyngst að allar tölur samningsins eru tilgreindar í íslenskri mynt, svo sem verð bifreiðar og mánaðarlegar greiðslur. Með þessu var ljóst að lánasamningurinn félli undir VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í VI. kafla fyrrnefndra laga er fjallað um verðtryggingu lána í íslenskum krónum en hvergi er heimilað að vísa til erlendra gjaldmiðla.

Í 13. gr. laganna segir: „Ákvæði þessa kafla gilda um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Með verðtryggingu er í þessum kafla átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu. Um heimildir til verðtryggingar fer skv. 14. gr. nema lög kveði á um annað.“ Í 14. gr. er síðan vísað til þess að heimilt sé að vísitölutryggja lán ef miðað er við vísitölu neysluverðs, útreiknaða af Hagstofu. Heimilt er skv. 14. gr. að miða við innlenda eða erlenda hlutabréfavísitölu, en það ákvæði á ekki undir dómama sem vísað er til hér.

Niðurstaða Hæstaréttar í báðum þessum málum er því að gengistrygging lána sem tekin eru í íslenskri mynt er ólögmæt. Dómarnir taka ekki á því hvort samningar þar sem gengistrygging er ólögmæt, verði að öðru leyti ólögmætir eða hvort samningurinn haldi sér með þessum breytingum.

Mál sem tekur á því hefur verið tekið fyrir í héraðsdómi og er niðurstaða þess hér á eftir.

Héraðsdómur E-4787/2010 um vexti í stað ólögætrar gengistryggingar

Í kjölfar dóms Hæstaréttar um ólögætri gengistryggingu lána í íslenskum krónum ríkti ákveðin óvissa um hvaða vextir skyldu gilda á lánasamningnum.

Í þessu máli var um kaupleigusamning að ræða. Lýsing hf., stefndi einum lántaka fyrirtækisins til að freista þess að fá staðfestingu dómstóla um hvaða vextir skyldu gilda. Lýsing setti kröfu sína fram í sex liðum; aðalkröfu um að vexti Lýsingar skyldu gilda ásamt verðtryggingu og fimm varakröfur sem voru mismunandi að gerð en fimmta varakrafan var að samningsvextir skyldu gilda um lánin. Stefndi taldi samningsvextina þá einu sem kæmu til greina við mat á vöxtum á lánið og það væri einnig til samræmis við neytendasjónarmið, þar sem Lýsing hefði sett skilmála og ætti því að bera hallan af því að hafa sett fram ólögætra samningskilmála.

Héraðsdómur féllst á fjórðu varakröfu stefnanda um að almennir vextir Seðlabanka Íslands skyldu gilda um lánin. Í rökstuðningi sínum bendir dómurinn á að líta verði til þess að báðir aðilar hafi ætlað sér að tengja lánið einhvers konar verðvísitölu og hafi orðið ásáttir um gengisvísitöluna.

Þegar hún hefur verið dæmd ólögætt af hálfu Hæstaréttar Íslands stendur eftir að samningsvextir séu þeir vextir sem nota eigi við útreikning lánsins. Önnur sjónarmið neytenda um t.d. að víkja til hliðar ákvæðum samningsins eigi ekki við.

Nú er beðið niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í málinu sem vænta má á haustdögum 2010.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum:



Vala Valtýsdóttir

Yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs

Sími: 580-3036

vala.valtyisdottir@deloitte.is

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,

yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson,

lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði Deloitte